

10
11. apríl

OPIÐ BRÉF

um

að hans konunglega tign **H a r a l d u r**, prins Íslands og Danmerkur,
sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra, samkvæmt fyrstu grein í lögum 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á, að konungur er ekki fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins **Harald Christian Frederik**, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 11. apríl 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.